

128. löggjafarþing 2002–2003.  
Þskj. 1045 — 561. mál.

## Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um opinber gjöld á handfrjálsan búnað.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Eru lagðir tollar, vörugjöld eða önnur opinber gjöld á handfrjálsan búnað sem Alþingi hefur lögbundið við notkun farsíma við akstur? Ef svo er, hver og hve há eru þessi gjöld?*

Á handfrjálsan búnað sem tengdur er farsíma við akstur er lagður 7,5% tollur ef varan er upprunnin í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins en enginn tollur er lagður á vöruna ef hún er upprunnin í löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá ber handfrjáls búnaður 25% vörugjald.